

Nd.

117. Frumvarp til laga

[106. mál]

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

I. KAFLI

**Um niðurgreiðslu vöruverðs, lækkun skatta lágtækjufólks, félagslegar
umbætur og verðbótavísitölu.**

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá því, sem hún er í nóvember 1978, sem svarar 3% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagsnefnd ákvarðanir sínar um aukna niðurgreiðslu samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar. Kauplagsnefnd skal reikna jafngildi niðurgreiðsluaukningar þessarar í verðbótastigum og gera opinbera grein fyrir niðurstöðum sínum svo skjótt sem kostur er.

2. gr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu til lækkunar skatta og gjalda á lágtekjufólki, sem metnar eru sem 2% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

3. gr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum og lagasetningu til ýmissa félagslegra umbóta, sem metnar eru til kjarabóta sem 3% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

4. gr.

Á tímabilinu 1. desember 1978 til 28. febrúar 1979 skal greiða verðbætur á laun samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig, sbr. þó ákvæði 2. gr. laga nr. 96/1978 um kjaramál.

Frá 1. mars 1979 skal greiða verðbætur á laun samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig, að viðbætti þeirri stigatölu, er verðbótavísitala reiknuð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga hækkar frá 1. desember 1978 til 1. mars 1979, sbr. þó ákvæði I. kafla laga nr. 96/1978 um kjaramál.

II. KAFLI

Um bætur almannatrygginga skv. lögum nr. 67 1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96 1971, nr. 112 1972, nr. 62 1974, nr. 13 1975, nr. 36 1976, nr. 68 1977, nr. 69 1977, nr. 3 1978, nr. 31 1978 og nr. 96 1978.

5. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu 1. desember 1978 og 1. mars 1979 taka sömu hlutfallshækkun og laun verkamanna þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum.

Fjárbæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar, skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, svo og heimilisuppbótar, skv. 2. mgr. 19. gr. greindra laga, skal þó hækka um 9% 1. desember 1978.

III. KAFLI

Gildistökuákvæði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðgerðir þær, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, miða fyrst og fremst að laun þess efnahagsvanda, sem fvrirsjáanlegur er 1. desember næstkomandi. Þó ber að líta á þetta frumvarp sem lið í þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum, sem komi til framkvæmda þegar á árinu 1979. Að þessu er unnið í samráði við aðila vinnumarkaðarins, enda er árangur óhiákvæmilega mjög undir því kominn, að gagnkvæmur skilningur ríki á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn slíkra aðgerða.

Ríkisstjórnin er sammála um, að mótun samræmdrar stefnu um aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála, sem ráðið geti úrslitum um verðbólguþróun á næstu missírum, skuli vera algjört forgangsverkefni. Fyrir utan langtímas'tefnu í verðlags- og launamálum, verður að marka samsvarandi stefnu í ríkisfjármálum, peningamálum, fjárfestingarmálum og skattamálum.

Ríkisstjórnin mun meðal annars beita sér fyrir eftirgreindum aðgerðum:

1. Stefnt verði að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að verðlags- og peningalaunahækkunar 1. mars 1979 verði ekki meiri en 5%.
2. Leitast verði við að ná svipuðum markmiðum fyrir önnur kaupgjaldsbreytingatímabil á árinu 1979, þannig að verðbólgan náist niður fyrir 30% í lok ársins.
3. Vísitöluviðmiðun launa verði breytt fyrir 1. mars 1979 að höfðu samráði við fjölmennustu heildarsamtök launafólks. Gert er ráð fyrir því, að vísitölunefnd skili tillögum fyrir 15. febrúar, sem unnt verði að byggja á í þessu sambandi. Meðal annars verður athuguð viðmiðun við viðskiptakjör og fleira.
4. Vegna þeirra aðgerða, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, verði lögð fram fyrir áramót frumvörp til laga um tekjuöflun. Meðal annars komi til athugunar hátekjuskattur og veltuskattur á ýmiskonar rekstur. Einnig komi til athugunar í þessu skyni fjárfestingarskattur og eignarskattur.
Áhersla verður lögð á að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum á sama grundvelli og gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979. Jafnframt verður auknum tilkostnaði vegna bráðabirgðaáðgerða mætt að hluta með niðurskurði rekstrarútgjalda ríkisins. Er stefnt að því að endurskoða allan ríkisrekstur með aukið aðhald og sparnað í huga. Skattalög verða jafnframt endurskoðuð til þess að tryggja aukið réttlæti í skattlagningu. Beinir skattar af almennum launatekjum og þá sérstaklega tekjuskattur og sjúkratryggingagjald verði lækkaðir á næsta ári.
5. Á þessu þingi verði ákveðin breytt stefna í framleiðslumálum landbúnaðarins. Verða fyrstu frumvörp um þetta efni lögð fram fyrir næstkomandi áramót. Stefnt verður að því að draga í áföngum úr framleiðslu umfram þarfir, þannig að jafnframt dragi úr þörf fyrir útlutningsbætur.
6. Heildarfjárfesting á árinu 1979 verði ekki umfram 24—25% af vergri þjóðarframleiðslu. Breytingar í fjárfestingarmálum eru í undirbúningi og er gert ráð fyrir lagafrumvörpum um þau mál innan tíðar. Gert er ráð fyrir því að fjárfestingu verði beint frá verslunar- og skrifstofubýggingum í tækni- og skipulagsumbætur, meðal annars í fiskvinnslu og iðnaði. Í landbúnaði verði dregið úr fjárfestingu, sem leiðir til aukinnar framleiðslu, en áhersla lögð á hagræðingu og á uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarins. Útlánareglum fjárfestingarlánasjóða og útlánnum banka verði breytt í samræmi við þessa stefnu.
7. Í samráði við aðila vinnumarkaðarins verði hraðað aðgerðum og undirbúningi löggjafar meðal annars um eftirtaldar félagslegar umbætur:
 - Öryggismál og hollustuhætti á vinnustöðum.
 - Húsnæðismál.
 - Leigjendavernd.
 - Málefni lífeyrissjóða og eftirlaun aldraðra.
 - Fæðingarorlof.
 - Fræðslumál samtaka launafólks.
 - Dagvistunarheimili.
 - Veikinda- og slysabætur og uppsagnarákvæði launafólks.
 - Forfallaþjónusta í landbúnaði.
 - Ávöxtun orlofsfjár.
 - Sérstök réttindamál opinberra starfsmanna.
8. Fylgt verður mjög aðhaldssamri stefnu í peningamálum, þar á meðal verði útlánabök bankanna og bindiskylda Seðlabankans ákveðin þannig, að peningamagn í umferð verði í samræmi við launastefnuna.
9. Beitt verður áfram ströngu verðlagsaðhaldi. Reglur verðlagseftirlitsins um hámarksálagningu verði endurskoðaðar og fleiri vörutegundir settar undir hámarksverðsákvæði. Heimilaðar verðhækkunar eftir 1. desember 1978 miðist við 4—4½% kauphækkun hið mesta.